
Fundargerð 2017

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands haldinn þann
5. maí 2017 kl. 16:00 í Landsbankanum Austurstræti 11, 2. hæð

Gögn sem lágu fyrir fundinum og höfðu jafnframt verið kynnt á heimasíðu sjóðsins:

- Ársreikningur ársins 2016
- Engar tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Sigurgísli Ingimarsson, formaður stjórnar sjóðsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Börk Thoroddsen, tannlækni, í starf fundarstjóra. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tilnefningu og var hún samþykkt með lófataki.

Börkur Thoroddsen tók til máls og þakkaði fundarmönnum traustið og tilnefndi Jón Rúnar Ingimarsson starfsmann Landsbankans, í starf fundarritara.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla stjórnar - Sigurgísli Ingimarsson
2. Kynning ársreiknings- 2016 - Ólafur Páll Gunnarsson
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt 2016 - Bjarni Guðmundsson
4. Fjárfestingarstefna 2017 - Pétur Pétursson
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál, löglega fram borin

Á fundinn voru mættir 6 sjóðfélagar sem fara samtals með 3,1% af atkvæðarétti.

1. Skýrsla stjórnar - Sigurgíslí Ingimarsson

Fundarstjóri, sjóðfélagar og aðrir fundargestir, Rekstrarár Lífeyrissjóðs Tannlækna sem nú lýkur einkenndist af miklum viðsnúningi hvað ávöxtun varðar ef borið er saman við síðastliðið ár. Raunávöxtun séreignardeildar var 0.93 % miðað við vísitölu neysluverðs á meðan sameignardeildin var með 1.38 % raunávöxtun miðað við vísitölu neysluverðs.

Í fyrsta skipti í ár eru eru báðar deildir sjóðsins gerðar upp samkvæmt nýjum reglum um uppgjör lífeyrissjóða og því eru skuldabréf beggja deilda reiknuð á markaðskröfu en ekki á kaupkröfu eins og áður var venja í tilviki sameignardeildar. Þessi uppgjörsaðferð lýsir því mun betur raunstöðu beggja deilda sjóðsins.

Eignasafn beggja deilda sjóðsins stendur mjög traustum fótum og samanstandur að stærstum hluta af skuldabréfum með ábyrgð ríkisins, innlánnum og dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa.

Eins og fram kemur í ársreikningi sl. árs eru allar kennitölur úr rekstrinum jákvæðar en ársreikningurinn verður skýrður nánar hér á eftir.

Síðast liðið einkenndist af sérstökum aðstæðum á íslenskum fjárfestingarmarkaði. Á sama tíma og hagvöxtur var í hæstu hæðum og fór fram úr öllum spám greiningaraðila á markaði og endaði 7.2% þá lækkaði úrvalsvísitalan um 9% miðað við 43% hækkun á árinu 2015. Þetta leiðir hugann að þeim mikla óstöðugleika er einkennir íslenskt hagkerfi sem reiðir sig á fáar atvinnugreinar þ.e. orku- og alíðnað, fiskveiðar og nú undanfarið í auknum mæli á ferðaþjónustu. Þetta kallar enn og aftur á að Seðlabankinn framfylgi mjög ákveðinni peningamálastefnu og slaki ekki á stefnu sinni hvað stýrivexti varðar svo hægt verði að draga úr „mögnurum“ í kerfinu sem eiga það til að auka á óstöðugleikann í hagkerfinu. Atvinnuleysi var í sögulegu lágmarki og uppbygging í efnahagslífinu er drifinn áfram af hreinni verðmætasköpun þ.e. sölu á vörum og þjónustu en ekki á skuldsetningu í útlöndum líkt og árin 2003 – 2008.

Verðbólga er áfram lág og var undir verðbólgu markmiðum Seðlabankans allt árið 2016 þrátt fyrir spár um aukna verðbólgu í kjölfar kjarasamninga og eins hefur innflutt verðbólga ekki átt sér stað vegna styrkingar krónunnar. Fjárfesting atvinnuveganna jókst um 24.7% sem er eilítið minna en á fyrra ári á sama tíma jókst fjárfesting í íbúðarhúsnæði um rúm 33% miðað við 3% samdrátt á fyrra ári. Ferðaþjónustan hefur valdið þrýstingi á fasteignaverð. Eftir-

spurn eftir íbúðarhúsnæði er langt umfram framboð og hætt er við að skuldavöxtur fylgi í kjölfar mikilla verðhækkana á húsnæði. Á sama tíma jókst fjárfesting hins opinbera um 2.5% í því sambandi er vert að minna enn og aftur á að stjórnvöld fylgi afar aðhaldssamri stefnu í opinberum útgjöldum við aðstæður sem nú eru uppi til að koma í veg fyrir ofhitnun hagkerfisins. Í því samband er vert að nefna athyglisverðar tillögur forsætis- og fjármálaráðherra um að leggja tekjur fyrir í auðlindarsjóð til að mæta framtíðarútgjöldum í niðursveiflu.

Viðskipti Íslands við útlönd skiluðu afgangi áttunda árið í röð þrátt fyrir að innflutningur vöru og þjónustu hafi verið meiri en útflutningur. Eins og áður sagði var hagvöxtur á Íslandi 7.2% og meiri en í nokkru ríki innan vébanda OECD og er gert áframhaldandi jákvæðum hagvexti út árið 2022.

Alger viðhorfsbreyting hefur átt sér stað hvað sparnað einstaklinga og fjölskyldna varðar. Nú gildir að safna fyrir hlutum og taka síður lán til að fjármagna neyslu og er það afar jákvætt og virðist því stór hluti 7% aukningu á einkaneyslu hafa verið fjármagnaður með eigin fé.

Skuldir fyrirtækja og heimila héldu áfram að lækka árinu og er nú svo komið að skuldir íslenskra heimila er þær næst minnstu á Norðurlöndunum.

Skuldir ríkisins héldu áfram að lækka og munaði þar mikið um jákvætt uppgjör slitabúa hinna föllnu banka. Þá ber því að fagna að í fyrsta skipti í sögunni var erlend eignastaða þjóðarþúsins jákvæð og erum við þar með sem þjóð kominn í hóp með Sviss og Noregi hvað erlenda eignastöðu varðar.

Þetta hefur síðan leitt til þess að áhættuálag á skuldaþryggingar ríkissjóðs hafa lækkað jafnt og þétt. Þetta kemur fyrirtækjum og bönkum til góða í hagstæðari vaxtakjörum er þau sækja fjármagn til útlanda.

Þetta var sem sagt gott ár fyrir alla nema úrvalsvísitöluna. Það skýrist af stærstum hluta af gengisþróun krónunnar. Krónan hefur styrkst jafnt og þétt og hefur gengisvísitalan ekki verið lægri síðan um mitt ár 2008. Þrátt fyrir fullkomið afnám gjald-eyrishafta virðist gjaldmiðillinn ekki gefa eftir og er því spáð að krónan haldi áfram að styrkjast út árið 2019. Helsta skýringin hér er sú staðreynd að vöxtur í ferðaþjónustu er mun meiri en spár hafa gert ráð fyrir með stöðugu innflæði erlends gjald-eyris. Ferðaþjónustan hefur vaxið mjög hratt og er nú stærsta útflutningsatvinnugrein landsins. Vexti hennar hefur fylgt verulegt innstreymi gjaldeyris

sem ásamt öðru innstreymi hefur styrkt gengi krónunnar umtalsvert þrátt fyrir mikil gjaldeyriskaup Seðlabankans á millibankamarkaði. Þetta dregur á sama tíma hratt úr virði útfluttrar vöru og þjónustu.

Vextir eru enn sem fyrr háir á Íslandi í samanburði við nágrannalönd okkar og hefur þetta aukið áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingu á íslenskum hluta- og skuldabréfum. Um mitt ár 2016 settu stjórnvöld reglur til að stemma stigu við óhóflegum vaxtam-unaviðskiptum. Þau fela það í sér að erlendir fjárfestar sem fjárfesta í skuldabréfum þurfa að leggja 40% upphæðarinnar inn á vaxtalausán reikning í eitt ár en geta fjárfest fyrir 60%. Þannig er verið koma í veg fyrir nýja snjóhengju sem óheftar fjárfestingar gætu haft í för með sér.

Eins og áður sagði hafa gjaldeyrishöftin verið afnumin með öllu á erlendar fjárfestingar, fyrirtækja, einstaklinga og lífeyrissjóða. Þetta er afar jákvætt. Nú geta því lífeyrissjóðir farið að dreifa áhættu í fjárfestingum sínum. Eignir lífeyrissjóðanna voru í lok ársins 3500 milljarðar króna og árleg fjárfestingar þörf þeirra um 160 milljarðar.

Í dag eru erlendar eignir lífeyrissjóðanna á bilinu 20 – 25% ef vel ætti að vera þyrfti þetta hlutfall að vera a.m.k. 40 – 50%. Í samanburði við lífeyrisskerfi Sviss og Holland sem við berum okkur gjarnan saman við er þetta hlutfall á bilinu 40 – 80%. Það er því afar mikilvægt að við fjárfestum utan íslenska hagkerfisins í auknum mæli til að stuðla að jafnvægi á markaði og á sama tíma koma í veg fyrir óþarfa sveiflum á þessum örmarkaði. Í þessu sambandi má benda á Lífeyrissjóðirnir eiga nú meira en 40% alls hlutafjár á markaði og eru jafnframt langstærstu eigendur skuldabréfa útgefnum af ríki og sveitarfélögum. Eins og áður sagði þá þá er raun gengi krónunnar afar sterkt sem gerir það mjög hagfellt að hefja erlendar fjárfestingar af fullum krafti.

Að þessu sögðu þá höfum við í stjórn LTFÍ fylgt afar varfærinni stefnu í fjárfestingum okkur á s.l. ári. Stjórnin hefur lagt til að fjárfestingar stefnu sjóðsins verði breytt í þá veru að auka heimildir til fjárfestinga erlendra verðbréfa í 40% og hefur sjóðurinn þegar hafið markvissa aukningu á erlendum verðbréfum. Rekstri sjóðsins er sem fyrr útvistað til Landsbankans og stjórn sjóðsins fundaði reglulega árinu samkvæmt fundaráætlun með framkvæmdastjóra og fjárfestingastjóra sjóðsins. Á milli reglubundinna funda átti formaður stjórnar fundi með framkvæmdastjóra sjóðsins um mál sem upp komu milli reglubundinna funda stjórnar LTFÍ.

Seinna hluta síðasta árs barst formanni stjórnar LTFÍ erindi frá LÍFSVERK um ósk um viðræður um mögulega stofnun á opnum lífeyrissjóði fyrir þá er lokið hafa viðurkenndu háskólanámi. Eftir að hafa kynnt erindið fyrir stjórn var ákveðið að afþakka slíkar viðræður enda hefur stjórn LTFÍ nýlega endurnýjað rekstarsamning við Landsbankann. Sjóðurinn býr við lágmarksyfirbyggingu og býður sjóðfélögum upp á mikla möguleika á séreignarsöfnun sem skapar honum mikla sérstöðu meðal íslenskra lífeyrissjóða. Auk þess er tryggingafræðileg staða hans sterk og örorkuhlutfall afar lágt þannig að stjórn LTFÍ sér enga kosti felast í því að ganga til samstarfs við aðra lífeyrissjóði.

Eins og fram kemur í nánari úttekt Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings sjóðsins hér á eftir, er tryggingafræðileg staða LTFÍ enn sem fyrr jákvæð um 1.8% og hefur lækkað nokkuð frá fyrra ári sem meðal annars skýrist af nýjum töflum um lífslíkur.

Endurskoðunarnefnd LTFÍ starfaði á síðasta ári samkvæmt skipunarbréfi. Nefndarmenn hennar, skipaðir af stjórn LTFÍ voru Gísli Vilhjálmsson og Þórólfur Ólafsson tannlæknar og Jóni Gunnsteinn Hjálmarsson löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila svo og virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Ennfremur eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðanda svo og að koma með tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda til næsta árs.

Stjórn LTFÍ leitast þó ávallt við að leita leiða til til að finna rekstri sjóðsins sem allra hagstæðastan farveg, þannig að ávöxtun eigna sjóðfélaga verði með sem allra besta móti. Það er markmið stjórnar LTFÍ að efla sjóðinn með fjölgun sjóðfélaga. Í því skyni hafa starfssemi sjóðsins og kostir hans verið kynntir tannlæknum með reglulegu millibili og í febrúar á síðasta ári var undirritaður með erindi á félagsfundi Tannlæknafélagi Íslands um lífeyrismál. Þar gafst kærkomið tækifæri til að kynna kosti LTFÍ fyrir tannlæknum.

Tannlæknanemum er boðið til kynningar á sjóðnum í húsakynnum Landsbankans og boðið að ganga í sjóðinn. Þetta hefur borið þann árangur að sjóðfélögum fjölga jafnt og þétt og er nú svo komið að nær allir nýútskrifaðir tannlæknar skrá sig nær undantekningarlaust í LTFÍ.

Jafnhliða er stöðugt reynt að vekja athygli eldri starfsfélaga á kostum þess að ávaxta fremur lífeyri sinn hjá LTFÍ en annars staðar. Þar er við frekar ramman reip að draga, en við í stjórn LTFÍ gefumst ekki upp, enda teljum við að hag allra tannlækna sé bezt borgið innan vébanda LTFÍ. Í þessu sambandi er vert að minna enn og aftur á að Lífeyrissjóður tannlækna er að stærstum hluta séreignasjóður sem erfist að fullu til maka og barna.

Þetta er mikilvægt þegar við horfumst í augu við það að þjóðin er að eldast mjög hratt þannig að sífellt verður erfiðara að halda uppi lífeyriskerfi sem byggist um á gegnumstreymi. Nærtækt dæmi er lífeyriskerfi opinberra starfsmanna þar sem viðvarandi halli á kerfinu er vel yfir 500 milljarðar og er tryggingafræðileg staða þeirra sjóða neikvæð um 38% og ef ekki verður spyrnt við fótum mun þurfa að sækja þessar fjárhæðir í skatttekjur framtíðar. Það var því afar miður að það samkomulag sem náðist milli ríkis og opinberra starfsmanna á seinni hluta síðasta árs í þá veru að laga kerfið að almenna lífeyrissjóðakerfinu skildi ekki hafa náð fram að ganga.

Að þessu sögðu vil ég þó benda á að íslenska lífeyrissjóðakerfið er í fremstu röð í heiminum. Stærð þess nemur nú 155 % af vergri þjóðarframleiðslu og státar ásamt Sviss og Hollandi af öflugasta lífeyriskerfi allra landa Evrópu samkvæmt mati OECD. Íslenska lífeyriskerfið byggir að miklu leyti á sjóðsöfnun og sker sig úr hvað þetta varðar í alþjóðlegum samanburði og þetta gerir einnig það að verkum að lífeyrisgreiðslur opinberra aðila sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eru afar lágar á Íslandi í alþjóðlegum samanburði. Þessi útgjöld mun lækka hratt á næstu árum sem er vel og mun því skapa svigrúm fyrir ríkið til að veita fjármunum til

annarra brýnna verkefna eins og heilbrigðisþjónustu sem mun kalla á aukna fjármuni samfara ört hækkanandi aldri þjóðarinnar. Þjóðhagslegur ávinningur sjóðssöfnunarkerfis íslenskra lífeyrissjóða er gríðarlegur og verður æ mikilvægari fyrir þjóðarbúið eftir því sem þjóðin eldist og

eftirlaunaþegum fjölgar hraðar en þeim sem koma nýir inn á vinnumarkaðinn. Þannig munum við ekki þurfa að horfa til þess að auka álögur á vinnandi fólk til að bera uppi eftirlaunakerfið líkt og raunin er víðast hvar í nágrannalöndum okkar. Það er jafnframt ánægjulegt að vekja athygli á því að kostnaður íslenska lífeyriskerfisins er enn sem fyrr lágur í alþjóðlegum samanburði. Lífeyrissjóðirnir eru kjölfesta í samfélagi okkar og munu í framtíðinni gegna lykilhlutverki í að skapa sjóðfélögum sínum fjárhagslegt öryggi þegar starfsævinni lýkur. Það er því afar mikilvægt að nýir valdhafar landsins beri gæfu til að

standa vörð um og hlúi að þessu góða kerfi, sem íslendingar báru gæfu til að koma á fót, þannig að það megi halda áfram að eflast og dafna öllum til hagsbóta.

Að lokum vil ég þakka öllum félögum mínum í stjórn fyrir afar ánægjulegt og árangursríkt samstarf á síðasta ári svo og ágætu starfsfólki Landsbankans og vil ég þar sérstaklega nefna Ólaf Pál Gunnarsson framkvæmdastjóra LTFÍ. Einnig vil ég þakka Halldóri Kristinssyni fjárfestingastjóra sérlega gott samstarf á undanförunum árum en hann hverfur nú til annarra starfa. Með þá von í brjósti að næsta starfsár LTFÍ verði gjöfult og gæfuríkt, þakka ég fyrir mig.

Lifið heil.

2. Ársreikningur 2016

Fundarstjóri gaf því næst orðið, Ólafi Páli Gunnarsyni og gerði hann grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2016. Ársreikningur var lagður fram á fundinum sem var áritaður af óháðum endurskoðanda 25. apríl síðastliðinn. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra og árit-

aður af endurskoðanda sjóðsins þann 25. apríl 2017. Ólafur fór yfir lykiltölur í ársreikningnum. Ársreikningur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er birtur í einu lagi bæði séreigna og sameignadeild. Ársreikninginn ásamt skýringum má nálgast á heimasíðu sjóðsins.

3. Tryggingafræðileg úttekt 2016

Ólafur Páll gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins á árinu 2016. Fram kom að úttektin væri aðgengileg í ársreikningi á heimasíðu sjóðsins og fundarmenn gætu glöggvað sig betur á henni þar. Ólafur gerði einnig grein fyrir reikniforsendum úttektarinnar og aðferðum. Kom jafnframt fram í máli Ólafs að úttektin sneri eingöngu að sameignardeild sjóðsins.

Fram kom að niðurstaða athugunarinnar væri að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldum iðgjöldum en fráðregnum kostnaði vegna fjárfestinga og rekstrar reiknast 1.920,0 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris 1.885,1 milljónir. Eignir að fráðregnum skuldbindingum reiknast því 34,8 milljónir eða 1,8% af skuldbindingum. Eignir og skuldbindingar eru því í jafnvægi og engar breytingar fyrirhugaðar á réttindum sjóðfélaga.

4. Fjárfestingarstefna 2017

Fundarstjóri gefur Pétri Péturssyni sjóðsstjóra orðið og hann fer yfir fjárfestingarstefnu 2017

Fjárfestingarstefnu ársins 2017 má finna á heimasíðu sjóðsins. Hlutfall 60 ára sjóðsfélaga er 60% rúmlega, stórt hlutfall þarf því að vera í seljanlegum eignum á ásættanlegu verði.

Vægi erlendra hlutabréfa aukið á kostnað innlendra, framtakssjóðum sömuleiðis. Eignasafnið var reifað og lauslega talað um stefnuna, vikmörk og breytingar á eignaflokkum.

Þróun markaðarins á árinu 2016 reifuð.

Fundarstjóri, sagði orðið laust ef einhver fundarmanna vildi gera athugasemd við fyrstu fjóra liðina á dagskrá fundarins.

Jón Viðar sjóðfélagi spurði hversu margir eru meðlimir eru í lífeyrissjóðum og hver er aldursdreifingin?

Í svari formanns kom fram að fjöldi sjóðsfélaga kæmi fram í ársreikningnum, en aldursdreifingin er þokkalega normaldreifð og var sýnd á skjá. Markmið væri að fá unga tannlækna inn í sjóðinn frá 2009. Fyrsta verk Sigurgísla að koma þessu á á sínum tíma.

Spurning frá Ástu Óskarsdóttur formanni TFÍ: Þegar hún ræðir við aðila sem eru ekki í sjóðnum hafa margir áhyggjur af smæð sjóðsins:

Sigurgíslí formaður kvað þetta ekki vera vandamál. Stjórnin hefði skoðað þetta með stærðina. Stór væri ekki alltaf góður. Meginspurningin væri hvort sjóðurinn stæði undir skuldbindingum framtíðarinnar. Sjóðurinn er seljanlegur og inniheldur 5

milljarða. Útflæði vs. innflæði er mjög jákvætt og tannlæknar vinna það lengi (til sjötugs oftast) og hefja seint töku lífeyris. Hann taldi þetta ekki vera áhyggjuefni. Farið var í ferli eftir efnahagshrunið að ganga á milli lífeyrissjóða og skoða sameiningu sem var ekki talið ráðlagt. Til dæmis með sjóð Lífsverk sem okkur stóðst til boða að sameinast.

Jón Viðar: Kom ekki til lágmarkskrafa sjóðsfélaga á einhverjum tímamarki?

Sigurgíslí: nei það voru umræður eftir hrunið sem opnuðu á slíkar umræður.

Ólafur páll: Mikil hagræðing hefur náðst með því að reka sjóðinn inn í Landsbankanum. Innviðir bankans er nýttir, t.d. , áhættustýringar, bakvinnslu og eignastýringu svo eitthvað sé nefnt.

Ásta: Vill leggja áherslu á nýliðun og það sé það mikilvægasta fyrir sjóðinn að leggja áherslu á það.

Sigurgíslí: 82 nýir sjóðsfélagar frá hruni eru jákvæðar tölur og ungir tannlæknar eru að fá þá tilfinningu að þessi sjóður sé þeirra lífeyrissjóður og hef ég fundist að það sé að aukast. Ungu fólknið er auðveldari markhópur.

Gíslí Vilhjálmsson stjórnarmaður tók til máls og lýsti þeirri skoðun sinni að séreignarfyrirkomulagið hefði reynst vel.

Jón Viðar: af hverju er mismunur í ávöxtun samtryggingar og séreignar?

Gunnar Þór Ásgeirsson endurskoðandi sjóðsins benti á að ekki væru endilega sömu eignir í þessum flokkum vegna þess að í séreignaþættinum þurfa að vera miklu seljanlegri.

5. Kosning stjórnarmanna

Kjósa þarf um einn aðalmann til þriggja ára. Í framboði er Heidi Halldórsdóttir. Hún var kosin með öllum greiddum atkvæðum.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Engar tillögur komu fram en ekkert barst fjórum vikum fyrir fund.

7. Ákvörðun um laun stjórnar

Formaður stjórnar gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna. Samkvæmt henni skulu stjórnarlaun hækka um 9,5%. Þau yrðu að lokinni hækkun 29.500 kr. á mánuði fyrir stjórnarmann og fimmföld sú upphæð eða 147.000 kr. á mánuði fyrir stjórnarformann.

Sigurgísli innti fundarmenn eftir því hvort einhver væri á móti þessari tillögu. Svo reyndist ekki vera og var hún því samþykkt með öllum atkvæðu.

8. Kjör endurskoðanda

Tillaga stjórnar að endurskoðanda sjóðsins árið 2017:

Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18

Fundarstjóri bað fundarmenn að gefa merki um afstöðu þeirra til tillögunnar.

Enginn var á móti og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum með fyrirvara um þóknun. Var það samþykkt.

9. Önnur mál löglega borin fram

Engin önnur mál voru borin fram meðal fundarmanna.

Fundi slitið kl 17:17

